



11. fundur stjórnar L.H. haldinn í Hótel Hvolsvelli 27. okt. 1994.

Mættir voru: Guðmundur Jónsson, Sigfús Guðmundsson, Halldór Gunnarsson, Kristmundur Halldórsson, Guðbrandur Kjartansson, Jón Bergsson, Sigbjörn Björnsson, Sigurgeir Bárðarson, Kristján Auðunsson, Sigurður Þórhallsson og Fannar Jónasson.

Formaður setti fund og bauð menn velkomna.

Árþing L.H. hófst á Hvolsvelli 28. október í boði hestamannafélagsins Geysis. Undirbúningi þinghaldsins er lokið og er fundaraðstaðan hin ágætasta. Stjórnin yfirför þingskjöl og leit yfir ársskýrslu L.H. starfsárið 1993-1994.

Þá voru skipaðir formenn nefnda þingsins og ritarar.

Kjörbréfanefnd hafði áður verið skipuð. Formaður ræddi fyrirkomulag kosninga eftir ábendingu sem stjórninni hafði borist bréflaga fyrir á árinu. Ákveðið var að breyta fyrirkomulaginu frá því sem tíðkast hefur undanfarin ár. Rædd var stuttlega breyting á dagskrá í upphafi þingsins sem felst í smá breytingu frá hefðbundnum fundarsköpum.

Stjórnin ræddi lítillega tillögu stjórnar er varðar rétt hrossa til þátttöku í gæðingakeppni. Tillagan felur í sér breytingu er varðar rétt hrossa í eigu hrossabúa og/eða ræktunarsambanda.

Formaður greindi frá því að hann og Kristmundur fóru fyrir þennan dag til fundar við Tryggva Gunnarsson hrl.

Eins og kunnugt er hefur Tryggi verið ráðgjafi stjórnarinnar í Gýmismálinu frá því í sumar. Formaður hafði með sér álitserð Tryggva um málið og mun hann gera árþinginu grein fyrir stöðu þess gagnvart stjórn og samtökunum sem slíkum.

Nokkrar umræður urðu um einstakar tillögur sem liggja fyrir árþinginu. Framkvæmdastjóri L.H. vakti athygli á bréfi í þingmöppunni sem fjallar um fyrirhugaðar rannsóknir á spatti í íslenskum hrossum.

Kristmundur spurdist fyrir um störf skipuritsnefndar L.H. og HÍS er varðar hugsanlega sameiningu þessara samtaka.

Áfangaskýrsla nefndarinnar er tilbúin og verður henni dreift á þinginu. Rætt var um að til greina kæmi að halda formannafund um þessa skýrslu síðar.

Fleira ekki fært til bókar.

Halldór Gunnarsson, Sigfús Guðmundsson, Kristmundur Halldórsson, Guðbrandur Kjartansson, Jón Bergsson, Guðmundur Jónsson, Kristján Auðunsson, Sigurgeir Bárðarson, Sigbjörn Björnsson.